

# ASÍ-UNG

## HVAÐ ER ASÍ-UNG?

Samtök ungs launafólks innan Alþýðusambands Íslands.

Félagsmenn aðildarfélaga ASÍ eru um 110 þúsund. Stór hluti þess hóps er 16-35 ára en á þeim aldri er fólk að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði, öðlast mikilvæga starfsreynslu, stofna fjölskyldu og kaupa íbúðarhúsnæði svo eitthvað sé nefnt.

Það er mikilvægt að rödd þessa hóps heyrist innan Alþýðusambandsins og því var ákveðið á ársfundi ASÍ 2010 að stofna vettvang fyrir ungt launafólk innan aðildarfélaga ASÍ. Stofnþing ASÍ-UNG var haldið á vormánuðum 2011 og 2. þingið í september 2012.

Meðal helstu verkefna ASÍ-UNG er að kynna ungu fólki á vinnumarkaði réttindi þeirra og skyldur og starfsemi stéttarfélaganna. Einnig að rödd unga fólksins heyrist í starfi og stefnumótun verkalýðshreyfingarinnar.



# HLUTVERK ASÍ-UNG

Að standa vörð um hagsmuni ungs launafólks gagnvart stjórnvöldum og öðrum samtökum.

Að tryggja að sjónarmið ungs launafólks komi fram í stefnumótun og ákvarðanatöku aðildarfélaga ASÍ.

Að fræða ungt launafólk um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og starfsemi stéttarfélaga.

Að standa fyrir öflugri félagslegri fræðslu fyrir ungt launafólk innan Alþýðusambands Íslands.

Að efla, samræma og styðja starf ungs launafólks innan aðildarfélaga ASÍ.



# MARKMIÐ ASÍ-UNG

Að allt ungt launafólk á vinnumarkaði sé í stéttarfélögum og njóti réttinda og þjónustu sem því fylgir.

Að ungt launafólk taki virkan þátt í starfi aðildarfélaga ASÍ.

Að efla starf aðildarfélaga ASÍ í málefnum ungs launafólks.

Að vera vettvangur stefnumótunar í málefnum ungs launafólks.

## WWW.ASIUNG.IS

Vefsíða ASÍ-UNG er sérstaklega sniðin fyrir ungt fólk sem vill kynna sér réttindi sín og skyldur á almennum vinnumarkaði. Uppsetning vefsíðunnar er hnitmiðuð og einföld sem auðveldar alla upplýsingaleit fyrir þá sem vilja fræðast um réttindi sín.

Á vefsíðunni er jafnframt að finna allar grundvallarupplýsingar um ASÍ-UNG, móðursamtökin ASÍ og ályktanir ASÍ-UNG um málefni ungs fólks á vinnumarkaði. Vefsíðan er jafnframt fréttaveita sem er ætlað að fjalla um málefni ungs fólks á vinnumarkaði.

## STJÓRN ASÍ-UNG 2012–2014

Guðni Gunnarsson, VM – formaður
Hrefna Gerður Björnsdóttir, Aldan stéttarfélag – varaformaður
Friðrik Guðni Óskarsson, Félag iðn- og tæknigreina
Gísli Jósep Hreggviðsson, Mjólkurfræðingafélag Íslands
Guðfinna Ólafsdóttir, VR
Hrönn Jónsdóttir, Félag bókagerðarmanna
Ingólfur Björgvin Jónsson, Efling
Sverrir K. Einarsson, Afl
Valur Sigurgeirsson, Félag málmiðnaðarmanna Akureyri

